

## Akraneshöfn - Aðalhafnargarður endurbygging á ytri hluta garðs Verkstaða og tímasetning undirbúnings

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun Faxaflóahafna sf 2019 miðar við að á árinu verði hafist handa við endurnýjun á fremri hluta Aðalhafnargarðsins Akraneshafnar. Verktími er áformaður á árunum 2019 - 2022. Verkð er fyrsta stóra hafnargerðarverkefnið á Akranesi síðan að hafnirnar voru sameinaðar 2005 og Faxaflóahafnir sf hófu starfsemi. Aðalhafnargarðurinn er helsta hafnarmannvirki Akraneshafnar og er bakki að innanverðu en sjó- og brimvörmin fyrir höfn að utanverðu. Á árunum 2003 -2004 var efri hluti Aðalhafnargarðs breikkaður, hafnarbakinn endurnýjaður og dýpi við bakka aukið. Ytri hluta garðs er aftur á móti gamalt viðleguvirki sem komið er að endurnýjun á. Í minnisblaði frá maí 2017 til hafnarstjórnar var gerð nánari grein fyrir þessum tillögum að endurbótum hafnar. Fjallað var um helstu markmið með framkvæmdum og bent á að með þessari framkvæmd verði hægt að leysa ýmis hafnartengd vandamál sem menn hafa um langan tíma reynt að bæta og gera hafnaraðstöðu á Akranesi betri og öruggari fyrir skip.

Þessi eru helstu úrlausnarefni og markmið framkvæmda:

- Með framkvæmunum fæst betra skjól og viðleguskilyrði skipa batna innan hafnar á Akranesi
- Stækkandi skipum fylgir aukin krafa um aukið dýpi í viðlegum og við siglingu skipa innan hafnar
- Hafnarstarfsemi fylgir nær undantekningarlaust það að þörf vex fyrir landrymi til þjónustu í nálægð við höfn
- Þörf er fyrir fjölnota hafnaraðstöðu sem mætt getur þörfum fyrir komur stærri skipa. Það á jafnt við um fiski-, flutninga- og skemmtiferðaskip.

Í minnisblaðinu voru nefndir helstu verkþættir framkvæma og hvaða tíma þarf til undirbúnings og samþykka áður en að framkvæmdum er komið.

Frá því að þessi áætlun var sett fram hefur verið unnið að undirbúningi verka og þau mjakast áfram. Staðan nú er sú að lokið er skipulags- og undirbúningsvinnu og komið að hönnun mannvirkja og útboðum við efniskaup og síðan framkvæmdir við byggingu bakkans.

- Lokið er umfjöllun og samþykkt á aðalskipulagsbreytingum fyrir Akraneshöfn
- Lokið er umfjöllun og samþykkt á deiliskipulagsbreytingum fyrir Akraneshöfn
- Lokið er umfjöllun um fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda og fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskylduna, dags. þann 26. september 2018 þar sem að niðurstaða var að framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.
- Sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi hjá bæjarstjórnar
- Hönnun og gerð útboðsgagna fyrir alla verkþætti framkvæmda var boðin út og fyrir liggja nú tilboð í hönnunarvinnu verks.


Í útboð hönnunar bærust alls sex tilboð frá íslenskum verkfræðistofum, sem öll eru gild boð. Tilboð voru hagstæð, upplýsingar og svör vel fram sett. Miðað er við að verð ráði og gengið verði til samninga við lögstjóðanda.

Hönnun verka hefst þá strax. Farið yrði í nauðsynlegar rannsóknir nú í vor þannig að næsta haust yrðu ýmis undirbúningsverkefni svo sem gröfur efnisskiptaskurðar, dýpkanir og fyllingar boðnar út. Útboð stálþils og

stagefnis yrði auglýst til útboðs í haust og efnið þá afhent snemma vors 2020. Á svipuðum tíma yrði bygging hafnarbakkans boðin út. Rekstur þils og bygging bakka hefst vorið 2020 og verktími yrði líklega rúmt ár. Yfirborðsfrágangur bakka, uppsetning á búnaði og fl. yrðu verkefni sem unnin yrðu síðan á árinu 2021 og mannvirkið þá tekið í notkun síðari hluta árs 2021 eða byrjun árs 2022.

Reykjavík, 4.apríl 2019  
Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri





**MEGININTAK TILLAGU 3**

- Ytri hluti Aðalhafnargarðs lengdur í 220 m.
- Brimvargarður lengdur um 60 m með 30° steinbureytingu.
- Snúningur við enda brimvargarðs 180m í stað 120m (tillaga 2).
- Sýnd hugmynd að ölduempun milli Bátabryggju og Aðalhafnargarðs.

**Faxafloahafnir sf**  
**Associated**  
**Icelandic**  
**Parts**

**TEIKNISTOFA**  
**ARKITEKTA**  
 GYLFI GUÐJONSSON  
 OG FELLAÐAR EHT.  
 arkitektar íbú.

AKRANESHÖFN  
 SKIPULAGSATHUGUN  
 LENGING HAFNARBAKKA  
 TILLAGA 3

SKALA 1:2000 @ A2  
 DÁTÍÐI 2017-04-26  
 003

Tillaga hafnarstípulags sbr. hönnun siglingasviðs Vegagerðarinnar